

LÖG

um breytingu á lögum um helgidagafrið, nr. 32/1997, með síðari breytingum (helgihald).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Í lögum þessum er mælt fyrir um verndun helgihalds í því skyni að tryggja frið og næði innan þeirra marka er greinir í 3. gr.

2. gr.

II. kafli laganna, sem hefur fyrisögnina **Helgidagar þjóðkirkjunnar**, og er með einni grein, 2. gr., orðast svo:

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru sunnudagur, nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar dagur páska, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar dagur hvítasunnu, aðfangadagur jóla frá kl. 18, jóladagur og annar dagur jóla.

3. gr.

4., 5., 6. og 8. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Fyrisögn III. kafla laganna verður: **Um frið vegna helgihalds.**

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um frið vegna helgihalds.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. júní 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.